

GJALDSKRÁ

fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa í Dalabyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar leggur á gjald til að mæta kostnaði við söfnun og eyðingu dýraleifa í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og samþykkt nr. 845/2021 um meðhöndlun úrgangs í Dalabyggð.

2. gr.

Förgunargjaldið byggir á fjölda búfjár á lögbýlum í sveitarfélaginu miðað við búfjárskýrslur Matvælastofnunar og verður innheimt með fasteignagjöldum. Miðað er við að dýrahæ séu sótt til bænda og annarra búfjáreigenda með skráðan bústofn og komið í viðeigandi meðhöndlun. Farin verður ein ferð í viku að jafnaði.

3. gr.

Gjald vegna hirðingar og eyðingar á dýrahæjum er innheimt af bújörðum, hesthúsum og öðrum aðilum sem eru með skráðan bústofn og er árlega sem hér á eftir segir (miðað við hausttölur ár hvert, upplýsingar frá Matvælastofnun). Eitt hross reiknast sem þrjár ær og einn nautgripur sem fimm ær:

- | | |
|-------------------|------------|
| a) Sauðfé ≤ 20 | kr. 22.000 |
| b) Sauðfé 21 – 40 | kr. 42.350 |
| c) Sauðfé 41 – 80 | kr. 56.100 |
| d) Sauðfé > 80 | kr. 67.100 |

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 9. desember 2021 staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1595/2020.

Búðardal, 20. desember 2021.

Kristján Sturluson sveitarstjóri.

—————
B-deild – Útgáfud.: 6. janúar 2022